

**Sp. 314. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]**

um takmörkun fiskveiða í mesta skammdeginu.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Egill Jónsson, Halldór Blöndal, Pétur Sigurðsson,  
Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að fiskveiðar verði mjög takmarkaðar í svartasta skammdeginu.

**Greinargerð.**

Þegar menn nú telja sig tilneydda að setja reglur um meiri eða minni takmörkun fiskveiða virðist liggja beint við að draga mjög úr veiðum á þeim árstíma þegar þær eru í senn óhagstæðastar og hættulegastar. Fiskvinnsla er einnig óarðbær á þessum árstíma og atvinna slitrótt hjá landverkafólki, ekki síst iðnaðarmönnum. M. a. þess vegna væri heppilegt að nota tímamann frá miðjum desember og fram eftir janúarmánuði til viðhalds og viðgerða á fiskvinnslustöðvum og báta- og togaraflotanum. En í annan stað þyrfti að huga að því við gerð kjarasamninga hvernig jafna mætti kaupgreiðslur þannig að fólk hefði tekjur á þessum tíma, t. d. með því að orlof yrði að einhverju leyti tekið þá.

Hér virðist um svo augljósar staðreyndir að ræða, sem best hefur sannast á undangengnum vikum, að sjálfsagt sé við þær umræður, sem nú fara fram um nýskipan fiskveiðimála, að taka tillit til þeirra.